



HÖRGÁRSVEIT

## Hörgársveit, Öxnadalsdeild

## FJALLSKILABOÐ 2024

Gangnasvæði Gangnastjóri	Rás	Bær	Dagsverk	Dagsverk	Dagsverk	Dagsverk	Dagsetning gangna
			1. göngur	2. göngur	eftirleit	Samtals	
Bægisárdalur Helgi Steinsson	1	Syðri-Bægisá	7	2	1	10	1. göngur 14. sept.
		Garðshorn	3	1	1	5	2. göngur 21. sept.
		Samtals	10	3	2	15	
Landafjall Rúnar Þór Ragnarsson	2	Garðshorn	5	3	1	9	1. göngur 13. sept.
		Steinsstaðir 2	1	1		2	2. göngur 27. sept.
		Samtals	6	4	1	11	
Þverárdalur Arnar Ingi Tryggvason	3	Þverá	1	1	1	3	1. göngur 13. sept.
		Garðshorn	5	2	1	8	2. göngur 27. sept.
		Samtals	6	3	2	11	
Hóladalur/Fagranesfjall Agnar Þór Magnússon	5	Garðshorn	3	2	1	6	1. göngur 13. sept.
		Þverá	2	1	1	4	2. göngur 27. sept.
		Samtals	5	3	2	10	
<b>Öxnadalur smalaður í samvinnu Skagafjarðar og Hörgársveitar 10.-12. september 2024 og 4. október</b>							
Vatnsdalur, Hraun Gunnar Gunnarsson	4	Búðarnes	6	3	2	11	1. göngur 7. sept. 2. göngur 20. sept.
Skjaldastaðahlíð Gunnar Gunnarsson	4	Búðarnes	6	3	2	11	1. göngur 15. sept. 2. göngur 22. sept.
		Samtals	6	3	2	11	

69

Undanfarin ár hafa ekki verið lögð á gangnadagsverk í eftirleitum.

Þessu er nú breytt og gangadagsverk í eftirleitum lögð á samkvæmt fjallskilaboðum.

Gangnastjóri ákveður dagsetningu á eftirleitum, sem skulu þó ekki vera síðar en 20. október.

Verði um gangnarof að ræða verður sektum beitt. Sekt fyrir gangnarof er samkvæmt fjallskilareglugerð sem svarar einu og hálfu dagsverki, nú kr. 50.538,- á hvert gangnadagsverk sem rofið er.

Samhliða seinni göngum skulu landeigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er.

Réttað verður í Þverárrétt laugard. 14. sept. kl. 15:30 (tímasetning háð komu af fjalli). Réttarstjóri er Arnar Ingi Tryggvason

Þar sem rekið er inn í heimaréttir eru gangnastjórar réttarstjórar hver á sínu svæði og ber þeim að tilkynna um aðkomufé til eiganda þess innan Hörgársveitar, sem ber þá að sækja sitt fé.

Sé um utansveitarfé að ræða, skal koma því á skilarétt.

Lögð er áhersla á, með tilliti til sóttvarna, að aðkomufé og utansveitarfé verði sótt samdægurs.

Réttarstjórar skilarétta þurfa að tilkynna innansveitarmönnum, sem ekki eiga fjárvon í viðkomandi rétt, um fé þeirra sem þar kemur fram.

Vegna þess að vart hefur orðið við að menn lendi inn á sömu talstöðvarrásum frá misunandi gangnasvæðum er eindregið mælt til þess að menn noti þær rásir sem skráðar eru hér að ofan á gangnaseðlinum.

8. ágúst 2024

F.h. fjallskilaneftdar  
Arnar Ingi Tryggvason